

Úrgangsmál og endurvinnsla



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

HVERS VEGNA ÞURFUM VIÐ AÐ FLOKKA?

Flokkun úrgangs er mikilvægur þáttur í því að stuðla að sjálfbærni og vernda umhverfið. Í Grímsnes- og Grafningshreppi er skylt að flokka allan úrgang, hvort sem hann fellur til á heimilum, stofnunum eða í frístundahúsum. Þetta er í takt við aukna vitund almennings um mikilvægi þess að draga úr sóun og nýta auðlindir á sem skilvirkastan hátt.

Með því að flokka úrgang á réttan hátt er hægt að koma endurvinnanlegum efnum í réttan farveg og nýta þau aftur í framleiðslu á nýjum vörum. Til dæmis er hægt að endurvinna pappír, plast og málma og þannig minnka þörfina fyrir ný hráefni. Með þessu er ekki aðeins dregið úr úrgangi sem fer til urðunar eða brennslu, heldur er einnig komið í veg fyrir að gengið sé of mikið á takmarkaðar náttúruauðlindir.

Þegar lífrænn úrgangur er flokkaður sérstaklega er hægt að vinna úr honum moltu, sem nýtist sem jarðvegsbætur í landbúnaði og garðyrkju. Með því að nýta lífrænan úrgang á þennan hátt er stuðlað að hringrásarhagkerfi þar sem úrgangi er breytt í verðmæti.

Auk umhverfislegs ávinnings hefur flokkun einnig hagrænan ávinning. Með því að minnka magn blandaðs úrgangs sparast kostnaður fyrir sveitarfélög og fyrirtæki, en blandaður úrgangur er dýrasti úrgangurinn þegar kemur að afsetningu. Flokkun stuðlar einnig að því að skapa störf innan endurvinnslugeirans og eflir atvinnulíf sem byggir á sjálfbærni og nýsköpun.

Samfélagsleg ábyrgð leikur stórt hlutverk í flokkun úrgangs. Þegar einstaklingar taka virkan þátt í flokkun stuðla þeir að bættri umhverfisvitund og skila jákvæðum áhrifum til komandi kynslóða. Það er á ábyrgð okkar allra að sjá til þess að við nýtum auðlindir á sem skilvirkastan hátt og drögum úr sóun með því að flokka og endurvinna úrgang á réttan hátt.



GÁMASTÖÐ

Gámasvæði Grímsnes- og Grafningshrepps er staðsett við Seyðishóla. Á gámasvæðinu er góð aðstaða til að taka á móti öllum úrgangi sem flokkast ekki sem hefðbundinn heimilisúrgangur, þar á meðal timbri, grófum úrgangi og spilliefnum.

SUMAROPNUN

Sumaropnunartími gámasstöðvarinnar Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-16	Lokað

VETRAROPNUN

Vetraropnunartími gámasstöðvarinnar Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-16	Lokað

ATHUGIÐ AÐ OFANGREINDUR OPNUNARTÍMI BREYTIST VIÐ STÓRHÁTÍÐIR.

Lokað er á gámasstöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS ALLAN SÓLARHRINGINN

FLOKKUN Á GÁMASVÆÐI



GRENNARSTÖVAR

Á grenndarstöðvum sveitarfélagsins er hægt að losa sig við flokkaðan heimilisúrgang allan sólarhringinn, allt árið um kring. Stöðvarnar eru dreifðar um sveitarfélagið og staðsettar þannig að þær nýtist öllum fasteignaeigendum.

Hægt er að losa sig við plast - pappa - málm - gler - lífrænan úrgang – blandaðan úrgang og skilaskyldar umbúðir.

Annað skal fara með á Gámastöðina Seyðishólum, þar með talið rúmmálsfrekan úrgang í þessum flokkum.

GRENNARSTÖÐ Í GRENND VIÐ ÞIG





Málmumbúðir

Mikilvægt er að allar málmumbúðir séu lausar við matarleifar. Öðrum málmhlutum skal skila á gámasvæði.



Niðursuðudósir



Málmtappar



Álpappír



Sprittkertakoppar



Málmlok

✗ Má ekki fara

Óhreinar umbúðir
Samsettar umbúðir
Skítugur álpappír



Glerumbúðir

Mikilvægt er að skola glerumbúðirnar og taka lok og tappa af. Pappírsmiðar mega vera á ef erfitt er að ná þeim af.



Sultukrúkkur



Olíuflöskur



Kryddilát úr gleri



Krúkkur úr gleri

✗ Má ekki fara

Óhreinar umbúðir
Tappar og lok
Eldföst mót
Rúðugler og brotið gler
Speglar
Postulín
Ljósaperur
Sjónvörp
Kristall



Textíll

Mikilvægt er að textílnum sé skilað í lokuðum plastpokum. Ekki nota bréfpoka, taupoka eða töskur. Skór skulu reimaðir saman ef hægt.



Fatnaður



Lök og handklæði



Skór



Dúkar og gardínur




Tuskur og viskastykki

✗ Má ekki fara

Óhreinn textíll
Óhreinn vinnufatnaður
Sýnileikafatnaður

GRENNÐARSTÖÐVAR

Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI



Á grenndarstöðvum í sveitarfélaginu er hægt að skila eftirtöldum úrgangsflokkum í endurvinnslu:

Gler


Glass



Best er að safna gleri á hverju heimili og fara svo með á grenndarstöðina sem er næst þér.

Málmur

Metal



Best er að safna málmum á hverju heimili og fara svo með á grenndarstöðina sem er næst þér.

Hvað flokkast sem málmur?

Málmilát undan matvöru	Metal cans e.g. soup cans
Málmlok af krukum	Metal jar lids
Úðabrúsar	Aerosol spray/dispenser

Lífrænt

Organic



Hvað má fara í tunnuna?

Ávextir og ávaxtahýði	Fruits and peel
Grænmeti og grænmetishýði	Vegetables and peel
Egg og eggjaskurn	Eggs and eggshells
Eldaðir kjöt- og fiskafgangar	Cooked meat and fish leftovers
Mjöl	Grain
Hrísgjón og pasta	Rice and pasta
Brauð og kökur	Bread and cookies
Kaffikorgur, kaffipokar og tepokar	Coffee grounds and bags and tea bags
Notuð eldhúsbref	Used kitchen rolls
Afskorin blóm og plöntur	Cut flowers and plants

Dósir og flöskur


Bottles and cans



Skilagjaldsskyldar umbúðir
Deposit beverage containers.

Pappír

Paper



Hvað má fara í gáminn?

Dagblöð og tímarit	Newspapers and magazines
Umslög og gluggaumslög	Envelopes with or without windows
Skrifstofupappír	Office papers
Bæklingar	Brochures
Hreinar mjólkurfurnur	Clean milk container
Bylgjupappi	Corrugated cardboard
Gjafapappír	Gift wrapping paper
Eggjabakkar	Eggtrays
Sléttur pappír s.s. morgunkornspakkar	Non corrugated cardboard e.g. cereal boxes, tissue boxes

Plast

Plastics




Hvað má fara í gáminn?

Plastpokar	Plastic bags
Plastbrúsar s.s. hreinsiefni	Detergent plastic emballage
Plastdósir s.s. skyr, ís, smurostur	Plastic cups e.g. yogurt cups, icecream containers, spreadable
Plastfilma glær og lituð	Plastic wrappings, clear and coloured
Plastumbúðir s.s. utan af kexi og sælgæti	Plastic wrappings e.g. wrappings from candies and crackers
Plastbakkar	Plastic trays
Plastflöskur s.s. sjampó og sósur	Plastic containers e.g. bottles for shampoo and sauce
Frauðplastsumbúðir	Styrofoam containers
Pokar utan af snakki	Snack bags

Rusl

Waste



Hvað má fara í gáminn?

Litaðar serviettur	Stained napkins
Límmiðar	Stickers
Einnota hanskar	Disposable gloves
Gúmmihanskar	Rubber gloves
Pennar	Pens
Kveikjarar	Lighters
Tyggjó	Chewing gum
Geisladiskar	Compact discs
Bleyjur	Diapers

Grenndarstöðvar eru við Vaðnesveg, Ásgarð, Úlfjótuvatn, Hraunborgir, Torfastaði, Kringlu, Borg, Nesjavelli og Seyðishóla.

Gámastöð er við Seyðishóla. Sjá opnunartíma á www.gogg.is.

INNEIGNARKORT FYRIR GÁMASTÖÐINA Í SEYÐISHÓLUM

Allir fasteignaeigendur í Grímsnes- og Grafningshreppi sem greiða gjald vegna reksturs gámasvæðis fá afhent inneignarkort fyrir Gámastöðina í Seyðishólum.

Inneignarkortin eru afhent á skrifstofu sveitarfélagsins á opnunartíma, mánudaga til fimmtudaga milli 9:00 og 15:00 og á föstudögum milli 9:00 og 12:00.

Kortið virkar þannig að þegar komið er á gámasvæðið er inneignarkortið skannað og starfsmaður á gámasvæðinu tekur út af kortinu í samræmi við það magn af gjaldskyldum úrgangi sem verið er að losa sig við. Undir gjaldskyldan úrgang flokkast timbur, málað timbur og grófur úrgangur. Inneignarkortið inniheldur ákveðið

magn punkta en hver punktur er 0,25 rúmmetrar A.T.H ónýttir punktar í árslok fyrnast og færast því ekki yfir á nýtt ár. Starfsmaður á gámasvæði metur magn gjaldskylds úrgangs. Þegar inneignin klárast þá er innheimt samkvæmt gjaldskrá. Glatist inneignarkort getur fasteignaeigandi nálgast nýtt kort á skrifstofu sveitarfélagsins gegn gjaldi.

Við heimsókn á gámastöðina skal úrgangurinn vera flokkaður, ef ekki er flokkað og erfitt að sjá hverju er verið að henda t.d. ef rusl er í svörtum ruslapokum, þá verður tekið af inneignarkortinu fyrir öllum úrganginum.

UMHIRÐA OG STAÐSETNING SORPÍLÁTA

Æskilegt er að sorphílátin séu staðsett fyrir framan hús eða í sérstökum sorphæymslum en passa þarf upp á að aðgengi fyrir losanir sé eins og best verður á kosið. Festingar á tunnum þurfa að vera þannig að auðvelt sé að losa þær og ganga frá þeim aftur.

Á veturna er ætlast til að íbúar moki frá tunnum og hálkverji í kringum þær. Það getur verið mjög erfitt að draga ílátin í miklum snjó auk þess sem hálfkan getur verið varasöm.

Ef ílátin eru yfirfull þá geta þau skapað vandræði við losun. Við yfirfull ílát er hættu á að vargfugl komist í úrganginn og dreifi honum um eða innihald tunnunnar fari einfaldlega að fjúka um.

Hver íbúi ber ábyrgð á sínum ílátum. Æskilegt er að hreinsa þau eftir þörfum en það kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist fyrir í ílátinu og skapi ólykt.

Vinsamlega athugið að losunardagar geta hliðrast til vegna veðurs og annarra óviðráðanlegra orsaka.



Blandaður úrgangur

Flokkunarleiðbeiningar

Í tunnu fyrir blandaðan úrgang fer allur óendurvinnanlegur úrgangur, óhreint hráefni eða hráefni samsett úr ólíkum efnum. Blandaður úrgangur sem Íslenska gámafélagið sækir frá viðskiptavinum sínum á höfuðborgarsvæðinu og af Suðurlandi er fluttur til Evrópu þar sem hann er brenndur í hátækni-brennslum og orkan nýtt í rafmagnsframleiðslu og húshitunar.



Handþurrkur



Bómullarskífur



Eyrnappinnar



Einnota hanskar



Grímur



Óhreinar umbúðir



Tyggjó



Bleyjur



Tíðarvörur



Bökunarpappír



Ryksugupokar



Snyrtivöruafgangar



Stór bein



Kattasandur & dýrasaur

X Má ekki fara

Spilliefni
Raftæki
Rafhlöður

Matarleifar

Flokkunarleiðbeiningar

Matarleifar falla til í eldhúsum heimila og fyrirtækja. Eingöngu má nota jarðgeranlega poka fyrir þennan úrgangsflokk. Matarleifum er umbreytt í moltu sem t.d. er hægt að nýta í landgræðslu.



Ávextir og grænmeti



Pasta og kartöflur



Brauð



Hrísgjón ofl. kornmeti



Kaffikorgur og kaffifilter



Ostur og annað álegg



Eldaðir fiskafgangar



Eggjaskurn



Tepokar



Eldaðir kjötafgangar



Tannstönglar



Afskorin blóm



Eldhúspappír

✗ Má ekki fara

Plast
Bleyjur
Sláturúrgangur
Dýrasaur
Kattasandur
Ryksugupokar
Eyrnapinnar
Bómullarhnoðrar

Plast

Flokkunarleiðbeiningar

Í tunnu fyrir plast má setja umbúðir úr plasti. Til að hægt sé að endurvinna plast þarf það að vera hreint. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matar- og efnaleifar úr umbúðum, annars eiga þær heima með blönduðum úrgangi. Plast skal rúmmálsminnka eins og hægt er til þess að spara pláss í tunnunni.



Plastbakkar



Plastpokar



Plastbrúsar



Plastlok



Plastbakkar með loki



Áleggsbréf



Plastglös



Skvísur



Plasttappar



Plastfilma



Plastdiskar



Snakkpokar



Túbur af snyrtivörum

X Má ekki fara

Óhreinar umbúðir
Leikföng með rafhlöðum
Raftæki
Geisladiskar og dvd diskar
Tannburstar
Plastmöppur
Lyfjaspjöld
Umbúðir undan spilliefnum

Flokkunartafli

Pappír og pappi

Í tunnu fyrir pappír og pappu má setja pappír, bylgjupappa, fernur og sléttan pappu, dagblöð og tímarit. Til að hægt sé að endurvinna umbúðir/hráefni þarf það að vera hreint. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matarleifar úr umbúðunum, annars eiga þær heima með almennu sorpi.



Dagblöð



Tímarit



Skrifstofupappír



Minnismiðar



Bækur án harðkápu



Umslög



Fernur



Umbúðir úr pappu

 **Má ekki fara**

Óhreinar umbúðir
Handþurrkur
Servíettur/munnþurrkur
Bökunarpappír
Pakkabönd
Möppur
Bókakápur



Pappahólkar



Eggjabakkar



Morgunkornspakkar



Pizzakassar



Kassar með bylgjaðar brúnir



Sorphirðudagatal 2026

Grímsnes- og Grafningshreppur

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR




janúar							febrúar							mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3	1	2	3	4	5	6	7	1	2	3	4	5	6	7
4	5	6	7	8	9	10	8	9	10	11	12	13	14	8	9	10	11	12	13	14
11	12	13	14	15	16	17	15	16	17	18	19	20	21	15	16	17	18	19	20	21
18	19	20	21	22	23	24	22	23	24	25	26	27	28	22	23	24	25	26	27	28
25	26	27	28	29	30	31								29	30	31				

apríl							maí							júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4						1	2		1	2	3	4	5	6
5	6	7	8	9	10	11	3	4	5	6	7	8	9	7	8	9	10	11	12	13
12	13	14	15	16	17	18	10	11	12	13	14	15	16	14	15	16	17	18	19	20
19	20	21	22	23	24	25	17	18	19	20	21	22	23	21	22	23	24	25	26	27
26	27	28	29	30			24	25	26	27	28	29	30	28	29	30				
							31													

júlí							ágúst							september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4							1			1	2	3	4	5
5	6	7	8	9	10	11	2	3	4	5	6	7	8	6	7	8	9	10	11	12
12	13	14	15	16	17	18	9	10	11	12	13	14	15	13	14	15	16	17	18	19
19	20	21	22	23	24	25	16	17	18	19	20	21	22	20	21	22	23	24	25	26
26	27	28	29	30	31		23	24	25	26	27	28	29	27	28	29	30			
							30	31												

október							nóvember							desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3	1	2	3	4	5	6	7			1	2	3	4	5
4	5	6	7	8	9	10	8	9	10	11	12	13	14	6	7	8	9	10	11	12
11	12	13	14	15	16	17	15	16	17	18	19	20	21	13	14	15	16	17	18	19
18	19	20	21	22	23	24	22	23	24	25	26	27	28	20	21	22	23	24	25	26
25	26	27	28	29	30	31	29	30						27	28	29	30	31		

Breytingar geta orðið á losunardögum sökum óviðráðanlegra aðstæðna. Losun fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri.

-  Blandaður úrgangur og Matarleifar
-  Pappi&pappír og Blandaðar plastumbúðir
-  Heyrúlluplast